

## Knattspyrnudeild HK

Hjörtur Þór Steindórsson, formaður  
Sandra Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 28. ágúst 2024

### Úrskurður: Skýrsla eftirlitsmanns og dómara v. fyrirhugaðs leiks HK og KR þann 8. ágúst 2024.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 27. ágúst 2024, voru teknar fyrir skýrslur frá eftirlitsmanni og dómara KSÍ fyrirhuguðum leik HK og KR í Bestu deild karla, sem fram átti að fara þann 8. ágúst sl. Í samræmi við ákvæði 6.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti KSÍ.

Skýrsla eftirlitsmanns á leiknum er svohljóðandi:

„Við vallarskoðun dómara leiksins kom í ljós að annað markið var ólöglegt, þ.e.a.s. önnur markstöngin var brotin. Dómarar leiksins gerðu athugasemd við þetta klukkustund fyrir leik - kom þessum skilaboðum til starfsmanna HK/vallarins.

45 mín. fyrir leik kemur starfsmaður HK/vallarins inn í klefa dómara og tilkynnir þessa skemmd og segir að viðbragðsaðilar/ábyrgðaraðilar vallarins væru að fara að gera við markið eða að lagfæra/skipta út markinu - skipta út markinu og að það væri til staðar varamark sem yrði sett í staðinn.

Við skoðun dómara á markinu eftir upphitun leikmanna hafði ekki ennþá verið búið að skipta um mark - dómarar leiksins gerðu þá aðra athugasemd og komu starfsmenn HK ásamt fulltrúum vallarins aftur að málinu og reynt var að skipta um mark.

Kom þá í ljós að varamarkið sem var til staðar passaði ekki í þær undirstöður sem fastar eru í vellinum - marksúlurnar voru of breiðar og því var varamarkið ekki nothæft - hvorki með neina festingar við völlinn sem og það eins og það stóð var það í ólöglegri hæð.

Ekki var til staðar verkfæri eða búnaður til að breyta varamarkinu né til þess að laga brotna aðalmarkið sem var til staðar. Starfsmaður vallarins kom með þá hugmynd að fá að fresta leiknum um óákveðinn tíma meðan verkfæri yrðu sótt annarstaðar frá og reynt yrði að smíða varamarkið að hólkunum - kom svo fljótlega í ljós að sá búnaður/verkfæri sem ætlað var í verkið myndi ekki duga til að laga hvorugt markið.

Reynt var að prófa mark sem var utanhúss í Kórnum en það var heldur ekki löglegt því á markinu voru áföst hjól sem ekki var hægt að fjarlægja - einnig hefði það mark staðið ofan á hólkunum sem eru áfastir vellinum og hefði það mark verið einnig ólöglegt vegna hæðar sinnar.

*Þess má einnig geta að þessir sérsmíðuðu hólkar sem tilheyra festingum á markinu standa aðeins upp úr grasinu og þarf því sérsmíðaðar markstangir til að þær passi við hólkana - annars myndast slyshætta fyrir leikmenn.*

*Engin önnur úrræði var til staðar fyrir dómara leiksins en að fresta/flauta af leikinn.*

*Allt þetta mál var með fullri vitund dómara leiksins, eftirlitsmanns leiksins forráðamanna beggja liða sem og stafsmanna HK/vallarins - fengu allir aðilar málsins sömu útskýringu um að "Markið væri ólöglegt - engar úrbætur til staðar og sú hugmynd að vera með það mark sem var utanhúss væri einnig ólöglegt sem og að vallarstarfmenn hefðu engin verkfæri eða aðra lausnir til að lagfæra markið/mörkin.*

*Niðurstaðan var því endaleg hjá dómara leiksins að ákveða frestun á leiknum vegna ólöglegs vallar - enda engin önnur lausn í boði."*

Skýrsla dómara leiksins er svohljóðandi:

*„Við vallarskoðun 75 mín. fyrir ákvarðaðan leiktíma kom í ljós að markstöng á öðru markinu var brotin. Var heimaliði gert um það viðvart. Var við brugðist með því að freista þess að setja annað mark á undirstöður sem fyrir voru í vellinum. Í ljós kom að marksúlurnar á því marki pössuðu ekki í undirstöður. Varð þetta endanlega ljóst um 15 mín í leik.*

*Var þá tekið til athugunar hvort koma mætti mark af gervigrasi utan Kórsins fyrir á undirstöðunum. Það gekk ekki heldur þar að undirstöðurnar ullu því að það mark hefði verið hærra en knattspyrnulög heimila, sem og vegna slyshættu þar eð undirstöðurnar stóðu upp úr grasinu og á markinu voru áföst hjól sem ekki var hægt að fjarlægja. Þessu vatt fram vel fram yfir áður ákveðinn leiktíma. Ekki voru aðstæður eða verkfæri til að gera á þessu lagfæringar þannig að löglegt væri.*

*Þegar ljóst varð að úr þessu varð ekki bætt tók ég þá ákvörðun að fresta leiknum. Var sú ákvörðun tilkynnt forráðamönnum liðanna og eftirlitsmanni KSÍ. Var engin athugasemd gerð við þá ákvörðun."*

Á fundi þann 13. ágúst leit aga- og úrskurðarnefnd svo á að atvik, sem lýst er í tilvitnaðri skýrslu eftirlitsmanns, gætu varðað við grein 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sbr. einnig grein 5.10. laga KSÍ. Stoð til beitinga viðurlaga er á grundvelli greina 2.3. og 6.1. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Benti nefndin um leið á reglur í handbók leikja og ákvæði í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga.

### **Niðurstaða**

Að virtum öllum fyrirbyggjandi gögnum er það álit nefndarinnar að framkvæmd og skipulag knattspyrnudeildar HK í aðdraganda fyrirhugaðs leiks HK og KR, sem fram átti að fara þann 8. ágúst sl. í Bestu deild karla, hafi verið verulega ábótavant. Nánar tiltekið er það mat nefndarinnar að framkvæmd og skipulag

fyrirhugaðs leiks hafi verið ámælisvert og óásættanlegt og falli því undir ákvæði 5.10 í lögum KSÍ. Samkvæmt atvikalýsingum þeim sem lýst er í skýrslum eftirlitsmanns og dómara hafi HK virt að vettugi reglur um framkvæmd knattspyrnuleikja samkvæmt Handbók leikja 2024 og ákvæði 9. greinar reglugerðar um knattspyrnuleikvanga. Í handbók leikja er að finna reglur, ábendingar og tilmæli til félaga um framkvæmd leikja í meistaraflokki sem samþykkt var af stjórn KSÍ 13.03.2024. Eftirfarandi kemur m.a. fram í handbókinni:

### **Mörk**

Mörkin og netin skulu vera samkvæmt knattspyrnulögunum. Minnt er á, að markstangir og þverslá skulu vera hvítar að lit. Einnig þurfa að vera til staðar varamörk.

Handbók leikja sækir stoð sína í heimild í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, um að stjórn KSÍ setji nánari reglur og leiðbeiningar um einstök mót, sbr. grein 1.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Er aga- og úrskurðarnefnd heimilt að beita viðurlögum samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ gagnvart m.a. aðildarfélögum KSÍ vegna brota þeirra á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og öðrum reglum, sbr. grein 2.3. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Í 9. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnuleikvanga kemur skýrlega fram hvernig mörk og varamörk skuli vera og hvaða kröfur þau skuli uppfylla vegna keppnisleikja á Íslandsmóti í meistaraflokki. Þá komi þar skýrt fram að varamark verði að vera tiltækt á leikvanginum, sem auðvelt sé að setja upp ef aðstæður krefjast þess.

Með vísan til greinar 5.10., sbr. k lið 44.1. greinar í lögum KSÍ ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ því að sekta knattspyrnudeild HK vegna framkvæmdar og skipulags í aðdraganda fyrirhugaðs leiks HK og KR þann 8. ágúst sl. Þykir upphæð sektar knattspyrnudeildar HK hæfilega ákveðin kr. 250.000.

### **Úrskurðarorð:**

Knattspyrnudeild HK skal sæta sekt að upphæð kr. 250.000,- til KSÍ.

### **Um áfrýjun:**

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,  
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson